

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 03 – 2023

*Staður:* Keldnaholt og Teams

*Tími:* Þriðjudagur 21. mars 2023 kl. 13:00

*Fundinn sátu:* Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Daði Már Kristófersson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson (Teams), Haukur Þórðarson (Teams), Þórunn Jónsdóttir (Teams). Ingvar Pétur Guðbjörnsson var forfallaður.

**1. Starfsreglur starfsmenntanáms- til samþykktar:** Uppfærðar starfsreglur starfsmenntanáms voru lagðar fram til umræðu og kynningar á síðasta fundi. Haukur benti á atriði varðandi fjarvistaskráningu í Uglu sem þarf að laga orðalag um; sleppa „í Uglu“. Reglurnar samþykktar með þeirri breytingu.

**2. Fundur með háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og fulltrúum HVIN - umræða og viðbrögð háskólaráðs:** Á fundinum kom fram að jarðræktarmiðstöð er komin í forgang og verður vonandi í fjármálaáætlun við samþykkt hennar í lok þessarar viku. Mállefni varðandi búnað á Reykjum voru rædd og lagði ráðuneytið til að Lbhí gerði lista um það sem skólinn þarf á að halda en að annað verði skólanum bætt. Eftir nokkra atburðarás sem þessu tengist var ákveðið að formgera þetta í samningi. Drög að honum eru komin frá HVIN og er ljóst að viss atriði í þeim drögum þarf að gera athugasemdir við og skýra betur. Taka þarf af allan vafa um að sértækur rannsóknabúnaður sem tengist rannsóknaverkefnum í umsjón Bjarna Diðriks Sigurðssonar og Christina Stadler tilheyrir Lbhí, séu undanskilin í samkomulaginu. Í svari til ráðuneytisins verður tekið á þessu.

Daði telur að inna þurfi eftir efndum varðandi samkomulag um afhendingu á Korpu (makaskipti) í stað kaupa á Mið-Fossum og uppbyggingar jarðræktarmiðstöðvar og tilraunagróðurhúss á Hvanneyri. Það síðastnefnda (jarðræktarmiðstöð og tilraunagróðurhús) á því ekki að vera háð almennum heimildum í fjármálaáætlun heldur að framkvæma sem hluta af þessu samkomulagi.

**3. Fjármál – samþykkt áætlunar hjá HVIN og fundur í ráðuneytinu 28. mars– kynning og umræða:** Fjárhagsáætlun fyrir 2023 hefur verið samþykkt af HVIN. Árlegur fundur Lbhí og HVIN um fjármál og stefnu verður haldinn þann 28. mars nk.

**4. Stefnumótun – starfsmannafundir í mars og apríl og háskólafundur í maí - umræða:**

Á starfsmannafundinum um nýja stefnumótun Lbhí 13. mars 2023 var unnið í sex hópum, tveimur á Teams og fjórum hópum á staðnum á Hvanneyri. Kröftugar og góðar umræður áttu sér stað. Á fundinum var rætt um eftirfarandi mállefni:

- Nýsköpun, rannsóknir og alþjóðavæðing – styrkleikar og áskoranir?
- Kennsla og nám – styrkleikar og áskoranir?
- Mannauður, liðsheild og jafnréttismál - styrkleikar og áskoranir?
- Gæðamál, innviðir og stoðþjónusta - styrkleikar og áskoranir?

Niðurstöður hópanna hafa verið teknar saman og haldið verður áfram á næsta starfsmannafundi um stefnumótun Lbhí sem verður 17. apríl. Einnig verður fjallað um stefnumótunina á háskólafundi þann 16. maí.

**5. Siðareglur – umræða og næstu skref**

Niðurstöður fundarins 21. febrúar hafa verið teknar saman og er þeim vísað til siðanefndar Lbhí til úrvinnslu.

## **6. Nýsköpun og þróun / Samvinna við hagaðila / bréf frá Bændasamtökum**

Búnaðarþing 2022 samþykkti ályktun um ákall um aukna menntun í búfræðum og rekstri, með hvatningu til Lbhí um að auka námsmöguleika í þeim greinum þar sem skólinn hefur ekki sérhæfingu; svo sem alifuglarækt, geitfjárrækt, minkarækt, svínarækt og akuryrkju. Bændasamtökin hafa nú skorað á Lbhí að taka þessi mál til frekari skoðunar. Ákveðið að bjóða fulltrúum Bændasamtakanna á næsta fund háskólaráðs til að ræða þessi mál. Ein leiðin er að sinna þessum greinum í gegnum endurmenntun en að hægt verði að fá slík námskeið metin til eininga.

## **7. Mál til kynningar og fundardagsetningar**

Skrifað var undir samning við umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið í gær þar sem Gleipni eru tryggðar 80 milljónir króna, eða 4 sinnum 20 milljónir, á tímabilinu fram til 2025.

Fulltrúar frá Wageningen háskóla koma að Hvanneyri á mánudaginn næsta.

Alþjóðleg nýsköpunarkeppni nemenda í lífvísindum í Evrópu – Lbhí tekur þátt.

Fundur með gæðaúttektarnefnd íslenskra háskóla verður 11. apríl.

Haukur minnti á fyrri umræðu um að bæta megi upplýsingagjöf til nýrra starfsmanna. Starfsmannastjóri er að skoða þessi mál.

Ólafur Arnalds verður með kynningu á bók sinni "Mold ert þú" á morgun kl. 16.

Næstu fundardagsetningar:

Þriðjudagur 25. apríl kl. 13

Þriðjudagur 23. maí kl. 13

Fundi slitið kl. 14.30